

Nr. 847/1999

SAMÞYKKT

um hesthús og hesthúsahverfi í Reykjavík.

1. gr.

Hesthús og þær byggingar sem þeim tilheyra skulu byggð og viðhaldið samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum svo og samkvæmt ákvæðum skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og byggingarreglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum. Vanda skal til alls frágangs húsanna, geymslu á heybirgðum og öðru því er lýtur að hirðingu hestanna.

2. gr.

Umhverfi hesthúsa skal halda þrifalegu og frágangur lóðar vera snyrtilegur. Gerði skulu malborin og þau girt vönduðum girðingum. Á hesthúsalóðum er óheimilt að geyma bifreiðar, dráttarvélar, heyvinnslutaki, byggingarefni, heyrúllur, heybagga og aðra lausamuni.

3. gr.

Lausaganga hesta er bönnuð. Eigendur hesthúsa bera ábyrgð á leigjendum sínum hvað varðar alla umgengni í hesthúsahefnum og við hesthús.

4. gr.

Tað og moð skal geymt í vökvaheldri, lokaðri taðþró og skal áætla 3 m³ rými fyrir tað frá hverjum hesti ef tæmt er einu sinni á ári en 1 m³ ef tæmt er þrisvar sinnum. Þróin skal vera þannig gerð og hirt um hana að hvorki stafi af henni óþrif, mengun né slysaætta.

Í taðþróna má einungis setja hrossatað og moð sem hreinsað er úr hesthúsum og umhverfis þau.

5. gr.

Hesthúsaeygendur skulu tæma taðþræ reglulega og áður en þær fyllast. Þrænar skulu ávallt tæmdar þegar hross eru komin í haga, þó eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

Leitast skal við að nýta hrossatað til jarðræktar eða annarra sambærilegra nota, en að öðrum kosti flytja það á þær til ætlaðan móttökustað samkvæmt fyrirsögn hreinsunardeildar gatnamálastjóra.

6. gr.

Frárennsli frá salernum og vöskum í hesthúsum skal tengja fráveitukerfi eða leiða í rotþró með sandsíu eða siturlögn. Um frágang rotþróar svo og tæningu hennar fer samkvæmt leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins og fyrirmaðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

7. gr.

Í hverju hesthúsi skal vera viðurkennt sorpílát og skulu hesthúsaeigendur kosta uppsetningu þess og tæningu. Hættulegum úrgangi (t.d. fúavarnaefni, málningu, skordýra- og meindýraeitri, útrunnum lyfjum og lyfjaleyfum) skal halda aðskyldum frá öðrum úrgangi og skila inn til móttökustöðvar fyrir spilliefni.

8. gr.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og byggingarfulltrúinn í Reykjavík, hvor á sínu sviði.

9. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Framangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendum hesthúsa er veittur frestur til ársloka 2001 til að uppfylla ákvæði 4. greinar.

Umhverfissráðuneytinu, 29. nóvember 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

*Sigurbjörg
Sæmundsdóttir.*

